

Menningar- og viðskiptaráðuneyti
Sölvhólsgrötu 7
101 Reykjavík

Hafnarfirði, 27. nóvember 2023
2309045EH

Efni: Fyrstu drög að aðgerðum í aðgerðaráætlun ferðamálastefnu 2030

Isavia ohf. fagnar því tækifæri að fá að veita umsögn um þessi fyrstu drög að aðgerðum í aðgerðaráætlun Ferðamálastefnu 2030 í samráðsgátt stjórnvalda. Framtíðarsýn íslenskrar ferðaþjónustu er sú að vera leiðandi í sjálfbærri þróun á grunni efnahags-, umhverfis- og samfélagslegs jafnvægis.

Það er sérlega ánægjulegt að sjá í fyrstu drögum að aðgerðum að áherslur þar eru í samræmi við sjálfbærnistefnu Isavia og þær leiðir sem félagið mun fara að því að gera Keflavíkurflugvöll kolefnislausan í eigin rekstri í síðasta lagi árið 2030. Áhersla er á yfirfærslu í hreinorkuökutæki, m.a. fyrir tæki á flugvöllum þar sem tækniþroski er til staðar.

Í þessum fyrstu drögum að aðgerðum í aðgerðaráætlun Ferðamálastefnu 2030 er einnig áhersla á hvetjandi markaðsstuðning við flug og uppbyggingu flugleiða. Isavia hefur áður lagt fé til markaðsstuðnings eftir Covid 19 heimsfaraldurinn og er þess utan með áherslur um að fjölga þeim erlendu flugfélögum sem fljúga til og frá Keflavíkurflugvelli. Þá hefur dótturfélag Isavia ohf., Isavia Innanlandsflugvöllur ehf., tekið þátt í markaðsverkefnum til að kynna innanlandsflugvelli fyrir erlendum flugfélögum en þá í samstarfi við markaðsstofur viðkomandi landssvæða. Áhersla á hvetjandi markaðsstuðning er þá í samræmi við stefnu Isavia og dótturfélaga.

Í drögnum er einnig vikið að aukinni áherslu á sérstöðu íslenskrar menningar. Það er í fullu samræmi við stefnu Isavia ohf. og dótturfélaga. Íslenska verður á undan öðrum tungumálum á leiðbeiningaskiltum á Keflavíkurflugvelli og áhersla lögð nú sem áður á að tryggja að ferðafólk finni fyrir því sem nefnt er staðarkennd eða staðarandi í flugstöðinnin, þ.e. finni fyrir því að það sé statt á Íslandi þar sem íslensk menning sé gerð aðgengileg og henni hampað með ýmsum frumlegum hætti. Það er því ljóst að þessi drög að aðgerðum í aðgerðaráætlun Ferðamálastefnu 2030 eiga margt sameiginlegt með þeim áherslum sem settar hafa verið fram í stefnum og áætlunum Isavia og dótturfélaga. Það verður áhugavert að fylgjast með frekari framvindu verkefnisins.

Virðingarfyllt,
f.h. Isavia ohf.

Erna Hjaltsted
Yfirlögfræðingur